



Fréttatilkynning

18 June 2024 11:25:00 GMT

## Arion banki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 4. apríl 2024 um framkvæmd endurkaupaáætlunar og 8. maí 2024 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar. Í 24. viku 2024 keypti Arion banki eigin hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og sænsk heimildarskírteini (SDR) á Nasdaq í Stokkhólmi. Tekið er fram að endurkaup sænskra heimildarskírteina (SDR) á Nasdaq í Stokkhólmi samkvæmt áætluninni er nú lokið. Sjá frekari upplýsingar hér að neðan.

Endurkaup á hlutum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í umrædd skipti voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr.)	Hlutir í eigu Arion eftir viðskipti
11.6.2024	12:03:14	300.000	130,50	39.150.000	34.354.333
11.6.2024	14:19:07	350.000	130,50	45.675.000	34.704.333
12.6.2024	13:33:08	500.000	131,50	65.750.000	35.204.333
13.6.2024	13:40:27	680.000	131,50	89.420.000	35.884.333
14.6.2024	09:54:27	200.000	131,50	26.300.000	36.084.333
14.6.2024	11:15:43	250.000	130,75	32.687.500	36.334.333



14.6.2024	14: 31: 27	180.000	130,00	23.400.000	36.514.333
		<b>2.460.000</b>		<b>322.382.500</b>	<b>36.514.333</b>

Endurkaup á heimildarskírteinum á Nasdaq í Stokkhólmi voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keypt SDR	Viðskiptaverð	Kaupverð (SEK)	SDR í eigu Arion eftir viðskipti
10.6.2024	09: 46:28	5.823	10,20	59.395	3.073.977
10.6.2024	12: 09:23	2.685	10,35	27.790	3.076.662
11.6.2024	09: 55:02	1.830	10,35	18.941	3.078.492
11.6.2024	10: 26:20	618	10,35	6.396	3.079.110
11.6.2024	12: 06:29	1.862	10,40	19.365	3.080.972
		<b>12.818</b>		<b>131.886</b>	<b>3.080.972</b>

Arion banki átti fyrir viðskiptin í viku 24 samtals 37.122.487 eigin hluti og heimildarskírteini og á bankinn í lok viku 24 samtals 39.595.305 eigin hluti og heimildarskírteini. Samtals á bankinn nú sem nemur 2,71% af útgefnum hlutum í félaginu. Frá því að endurkaupaáætlun hófst hefur bankinn keypt samtals 28.950.142 hluti og 355.086 heimildarskírteini.

Heimilt er að kaupa allt að 365.000 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,025% af útgefnum hlutum og allt að 36.135.000 hluti á Íslandi, eða sem svara til 2,473% af útgefnum hlutum bankans (samtals um 2,5% af útgefnum hlutum). Fjárhæð endurkaupanna skal ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 50.000.000 kr. í Svíþjóð og 4.950.000.000 kr. á Íslandi (samtals 5 milljarðar króna). Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur þegar framangreindu er náð eða í síðasta lagi 31. desember 2024. Arion banki hf. hefur heimild



til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á tímabilinu.

Endurkaupaáætlunin er framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, eins og við á, þar með talin Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik („MAR“) og ákvæði framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052, sem og íslensk lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum auk reglna nr. 320/2022 um sama efni. Viðskipti með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina verða birt opinberlega í samræmi við gildandi lög og reglur í Svíþjóð og á Íslandi, eins og við á.

**Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:**

---

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is), s. 856 7171

**Viðhengi**

---

[Arion banki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)